



Skólaráðsfundur 11. mars 2015

Mættir voru: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Jenný Magnúsdóttir fulltrúi foreldra og formaður foreldrafélagsins, Ólafur Eyjólfsson, formaður UMFN og fulltrúi grenndarsamfélags skólans, Ingunn Rögnvaldsdóttir starfsmaður og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Gabríel Sindri Möller formaður nemendafélagsins, Hera Sóley Sölvadóttir varaformaður nemendafélagsins, Dino Osmani fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla og Kristján Carlsson Granz foreldri boðuðu forföll.

1. Ásgerður kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Guðný fór yfir skipulag og útskýrði t.d. tilgang starfsdaga og skertra nemendadaga. Í lokin var skóladagatalið borið upp til samþykktar og undirrituðu fundarmenn skjal þess efnis að dagatalið er samþykkt.
 - a. Ólafur Eyjólfsson sagði frá hugmynd um að hafa UMFN dag og setja það á skóladagatalið.
 - b. Rætt um kostnað vorferða
2. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá því að nemendur í 10. bekk hefðu verið að taka PISA könnunina
 - b. Rætt var um árs hátíð skólans sem er 26. mars. nk.
 - c. Ásgerður sagði frá þemadögum sem voru í lok febrúar og tókumst mjög vel.
 - d. Farið yfir röðun skóla í samræmdu prófunum í september sl. og hvar nemendur Njarðvíkurskóli er.
 - e. Ásgerður fór yfir að þetta sé síðasti fundur skólaársins nema einhver mál komu uppá sem varða skólaráð.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri